

## GLUGGAÐ Í HEILSUBÓKINA

# Poppkorn en engar kökur

Skólatröð í Kópavogi er fyrsti heilsuleikskólinn á Íslandi, en hann leggur sérstaka áherslu á næringu, hreyfingu, félagslega færni og listsköpun í starfi sínu. **Hildur Einarsdóttir** fékk að kynnast nýjum vinnubrögðum sem leikskólinn hefur tekið upp sem felast í því að færni barnsins á þessum sviðum er skráð í sérstaka heilsubók svo haegt sé að fylgjast betur með broska þess.

**H**ANN Ágúst Orrason, 5 ára, er mættur í heilsuleikskólanum sinn, Skólatröð í Kópavogi. Þótt kominn sé morgunn og klukkan orðin 8.15 er ennþá niðamyrkutí.

„Ætlarðu ekki að kyssa pabba bless,“ segir pabbinn sem hafði komið með hann í leikskólanum.

„Pú átt að koma inn,“ segir Ágúst ákvæðinn eins og hann sé að kenna pabba sínum hvernig hann eigi að haga sér þegar hann fer með hann í leikskólanum. Pabbinn hlyðir og sest um stund hjá Ágústi meðan hann klæðir sig úr útgallanum. Þegar því er lokið kveðjast feðgarnir og Ágúst skokkar inn í leikjasalinn á Skólatröð og pabbinn hverfur út um hurðina á vit vinnunnar.

Skólatröð er um margt sérstæður leikskóli. Petta er fyrsti og eini leikskólinn hér á landi sem kallast heilsuleikskóli. Þegar hann var settur á laggírnar fyrir þrem árum vildi leikskólastjórin, Unnur Stefánsdóttir, leggja sérstaka áherslu á næringu og hreyfingu við upprýggingu leikskólans. Unnur þekkiv vel til á þessum sviðum, en hún var í landslið Íslands í frjálsum íþróttum á árunum 1981-88. Nú er hún Evrópumeistari kvenna í 800 metra hlaupi í aldursflokknum 40-45 ára. Unnur vann einnig að því þegar hún var í heilbrigðisráðuneytinu að móta neyslu- og manneldisstefnu þjóðarinnar.

Unnur segir að þegar Skólatröð hafði starfað í hálf ár hafi skólanum boðist að taka þátt í verkefninu á vegum Heilsueflingar, sem heilbrigðisráðuneytið standur að. Verkefnin fófi sér að einn skóli á hverju skólastigri yrði heilsuskóli þar sem unnið yrði að því að bæta heilsu nemendanna. Var hverjum skóla úthlutuð 200 þúsund krónum til að vinna að þessu markmiði. „Þegar við urðum við þeiri beiðni að starfa sem heilsuleikskóli ákváðum við að halda áfram að þeiri braut sem við vorum þegar byrjaðar á,“ segir Unnur. „Til viðbótar ákváðum við að útbúa svokallaða heilsubók þar sem við myndum skrá niður færni barnsins á þeim sviðum sem við leggjum mesta áherslu á, þ.e. næringu, hreyfingu, listsköpun og félagslega færni. Pannig getum við fylgst betur með broska barnsins.“

Unnur segir að í heilsubókinni sé að finna skilgreiningar á því hvernig túlka á ákvæðna hegðun. Segir hún að það hafi tekið starfsfólk Skólatraðar nokkurn tíma og vangaveltur að próa þessar skilgreiningar. Skráningin á færni barnsins fari fram á haustin og vorin og í kjölfar hennar séu veitt foreldraviðtöl þar sem foreldrum er gerð grein fyrir niðurstöðum. „Nú er komin tveggja ára reynsla á þessi vinnubrögð og hafa þau reynst mjög vel,“ segir Unnur. „Pau hafa skilað markvissari vinnu. Við höfum kynnt einstökum börnum betur og fengið góða yfirsýn yfir hópinn, en hver leikskólkenn-

ari hefur ákveðinn hóp barna í sinni umsjá. Með þessum vinnubrögðum höfum við getað gripið fljótar inn í ef við sjáum frávik frá eðlilegum broska.“

## Mikill áhugi á heilsubókinni

Það kemur fram í máli Unnar að aðrir leikskólar hafa sýnt heilsubókinni áhuga svo ákveðið var að gefa hana út ásamt disklingi, en óhonum eru allar upplýsingar varðandi bókin, sem hægt er að fjölfalda. Nú begar hafa 20 leikskólar viðs vegar um landið keypt heilsubókina. Einnig er ætlunin að allir leikskólar í Kópavogi kaupi bókinu. „Foreldrar hafa verið ánægðir með heilsubókina. Ef börnin hafa til dæmis skipt um leikskóla geta foreldrar sýnt bókinu og hannig gert heim sem taka við þeim auðveldara fyrir. Einnig geta bau sýnt heilsubókina þegar barnið byrjar í 1. bekk í grunnskóla.“

Markmið heilsuskólans endurspeglast í öllu starfi hans, enda er það svo að þegar Ágúst, sem við ætlum að fylgja eftir í einn dag, kemur í leikskólanum á morgnana er eitt það fyrsta sem hann gerir að taka inn lýsi um leið og hann fær sér morgunmatinn. Unnur segir að það sé aldrei neitt vandamál að fá krakkana til að taka inn lýsi.

Þegar Ágúst og félagar hans hafa gengið frá eftir sig eftir morgunmatinn fara þeir ásamt Guðlaugu Sjöfn Jónsdóttur aðstoðarleikskólastjóra, eða Guggu eins og hún er kölluð, inn í leikhverbergið. Þar setur Gugga fjörugt lag á geilsaspilarann, Skólarapp, og krakkarnir fara í leik þar sem þau skoppa í kringum nokkra stóla sem raðað hefur verið saman. Þegar Gugga stöðvar lagið eiga þau að hoppa upp á stólanum því hann er bátur og gölfid fyrir neðan vatn sem í er krökkat af krókódfilum.

„Flýtu þér upp í báttin og passaðu þig á krókódfilum,“ má heyra þau hrópa.

Fyrst eru stólanir sex en í lokin eru bara tvær eftir. Þá verða þau að gera sig svakalega mjó til að komast full fyrir en sumir rúlla út á gölf.

„Petta er bara eins og á Titanic,“ heyrir einhver hrópa.

„Hjálpaðu mér,“ hrópar einn drengianna. Ágúst tekur í vin sinn og dregur hann upp í báttin. Markmiðið með þessum leik er að efla samstöðuna og gefa börnunum tekið fari til að láta imyndunaraflid ráða.

Tveir strákar horfa á hin leika sér. Það eru ekki allir sem kæra sig um að vera með í ærsaleykjum eða þeir eru að átta sig á leirkreglunum.


Því næst fara krakkarnir í myndastytteuleik og loks í flækjufót, þar sem öllum fótunum er flækt saman og Gugga á að finna með lokuð augun hver á hvern fót. Það er auðvelt að þekkja fæturna hans Ágústs, því hann er sá eini sem vill vera berfættur.




8:30 Dagurinn byrjar hjá Ágústi með lýsi sem Unnur gefur honum. Morgunblaðið/Halldór



9:20 Myndastytteleikurinn er skemmtilegur, en leikurinn er kjarninn í uppeldisstarfinu.



11:15 Það er gaman að hlusta á sögu í samverustund.



12:00 Hún er góð, grænmetissúpan.




1:00 Púlsinn mældur: Polið hjá mér er sko gott!



2:35 Jafnvægið þjálfar í íþróttatíma.



3:17 Þá er að reyna á listsköpunina.



4:23 Í jóga er þeim kennt hvernig hægt er að teygja og styrkja líkamann.

Því næst tekur Gugga fram nokkrar fjalir og býr til brýr úr þeim. Þau æfa jafnvægið með því að ganga eftir fjölnum. Nokkrar stelpur sem eru í fimmleikum sýna færni sína í sláarrólu sem hangir niður úr loftinu.

„Í leiknum þjálfar þau félagslegan broska,“ segir Unnur. „Þegar félagsleg færni er metin samkvæmt heilsubókinni eru teknir inn í þættir eins og leikferlið, það er hvernig leikurinn þróast hjá þeim. Eðlileg þróun í leik byrjar oftast á því að barnið leikur fyrst eitt, síðan leika þau sér við hliðina á öðrum. Einnig er athuguð hegðun þeirra í imyndunarleik og félagslegum leik, þar sem þau eru að prófa sig í hlutverkum annarra eins og að vera mamma, pabbi eða kannski hundurinn á heimilinum!“

Þegar félagsleg færni er metin eru einnig teknir inn í ýmsir samskiptapættir eins og hvort barnið sýni frumkvæði, hjálpsemi eða glæðvarð